



Stofnfundur | FKA Suðurnes 2021

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Duushus Reykjanesbær og Zoom

Dagsetning: 26.nóvember 2021

Tími: 19:00 – 20:00

Mættar: 50 konur í sal og 22 í gegnum fjarfund

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Setning fundar
2. Kosning fundarstjóra
3. Kosning ritara
4. Upphaf, tilgangur og markmið FKA Suðurnes - Guðný Birna
5. Kosning stjórnar, stofnendur leggja til eftirfarandi stjórn
 1. Anna Karen Sigurjónsdóttir
 2. Fida Abu Libdeh
 3. Guðný Birna Guðmundsdóttir
 4. Íris Sigtryggisdóttir
 5. Rakel Lind Hauksdóttir Michelsen
 6. Þuríður Halldóra Aradóttir
 7. Gunnhildur Pétursdóttir
 8. Snjólaug Jakobsdóttir
 9. Herborg Svana Hjelm
 10. Eydís Mary Jónsdóttir
6. Ræða frá Eliza Reed
7. Ólíkar raddir, frumkvöðlastarfsemi, og tækifærin á Suðurnesjum – Fida
8. Önnur mál

1) Setning fundar

Guðný Birna Guðmundsdóttir býður konur velkomnar á þennan stofnun FKA Suðurnes, landsbyggðardeild, og setur stofnfund þennan.

2) Kosning fundarstjóra

Lagt er til að Fida verði fundarstjóri, það var samþykkt og Fida tekur við fundarstjórn.

3) Kosning ritara

Anna Karen lögð til sem ritari, það var samþykkt.

4) Upphaf, tilgangur og markmið FKA Suðurnes - Guðný Birna

Guðný Birna stígur aftur í pontu og fjallar um svæðið okkar, Suðurnes.

Hér búa 30 þús manns og mikill kraftur sem býr í samfélaginu. Mikið af áföllum sem hafa dunið á svæðinu en bjart framundan, sér í lagi uppbygging á svæðinu. Tækifæri í því hversu ungir íbúarnir á svæðinu eru, stór hluti á atvinnualdri.

Áherslur FKA Suðurnes eru meðal annars:

- Minnkað atvinnuleysi á svæðinu, sérstaklega fyrir konur
- Áhersla á styrkleika og eiginleika kvenna á svæðinu
- Áherslu á einstakan samtakamátt á svæðinu
- Aukin markaðssetning, nýsköpun og öflugt tengslanet kvenna

5) Kosning stjórnar, stofnendur leggja til eftirfarandi stjórn

- a) Anna Karen Sigurjónsdóttir
- b) Eydís Mary Jónsdóttir
- c) Fida Abu Libdeh
- d) Guðný Birna Guðmundsdóttir
- e) Gunnhildur Pétursdóttir
- f) Herborg Svana Hjelm
- g) Íris Sigtryggisdóttir
- h) Rakel Lind Hauksdóttir Michelsen
- i) Snjólaug Jakobsdóttir
- j) Puríður Halldóra Aradóttir

Þessi stjórn var samþykkt og mun hún starfa í eitt ár.



6) Ræða frú Eliza Reed

Frú Eliza Reid þakkaði fyrir að vera boðið og óskaði FKA til hamingju með stofnun deildarinnar innan FKA. Einnig hrósaði hún líflegum miðbæ í Reykjanesbæ.

Nýtti tækifærið og las fyrir fundinn kaflabrot úr nýútkominni bók sinni, Sprakkar.

Í bókinni er kafli um atvinnumál kvenna og hvernig það er að vera kona í atvinnulífinu í landinu þar sem á að vera best að vera kona.

7) Ólíkar raddir, frumkvöðlastarfsemi, og tækifærin á Suðurnesjum – Fida

Fida fjallaði um mikilvægi nýsköpunar og að finna nýjar leiðir. Hún vill leggja áherslu á aukinn fjölbreytileika og ná fram jafnrétti fyrir alla hópa (diversity & inclusion). Fjölbreytileiki innan fyrirtækja skilar árangri og því mikilvægt að fagna fjölbreytileikanum, bæði meðal fólks sem og atvinnutækifæra.

8) Önnur mál

- a) Sigríður Hrund, formaður FKA, óskaði eftir að fá orðið. Færði Fidu og Guðný Birnu þakkar fyrir að vera forsprakkar með því að stofna þessa deild. Mikilvægt að vera með kyndilbera út um allar landsbyggðirnar.
- b) Auður gjaldkeri í atvinnurekendadeild kynnir þá deild og sagði frá Suðurnesjaferð 2.-3. apríl hjá deildinni.
- c) Spurt um hvernig FKA virkar. Katrín Kristjana Hjartardóttir svaraði spurningunni og sagði frá því starfi sem unnið er innan raða FKA.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00.